

**Gróðurfar við jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi
í Mývatnssveit. Valkostir norðan þjóðveggar**

Hörður Kristinsson

Unnið fyrir Verkfræðistofuna Hönnun

NÍ-01020

Akureyri, september 2001



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

NÍ

Reykjavík Akureyri

Skýrsla nr NÍ-01020	Dags, Mán, Ár 11.10.2001	Dreifing <input type="checkbox"/> Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð til apríl 2002
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróðurfar við jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi í Mývatnssveit. Valkostir norðan þjóðvegjar.		Upplag 16
		Fjöldi síðna 12
Höfundar Hörður Kristinsson		Verknúmer A 01 11 07
Unnið fyrir Verkfræðistofan Hönnun		
Samvinnuaðilar		
<p>Útdráttur</p> <p>Vegna frekara mats á umhverfisáhrifum Jarðvarmavirkjunar í Bjarnarflagi, voru tvö svæði, kostir B og C, skoðuð til viðbótar við kost A sunnan þjóðvegjar, sem upphaflega var skoðaður (1996). Þessir tveir kostir voru bornir saman við kost A. Verðmætur jarðhitagróður sem þarfnast verndar er á svæðum A og B. Niðurstaðan er þó sú, að allir þrjú kostirnir geti þó komið til greina sé fyllstu varúðar gætt og framkvæmdum haldið utan hinna grónu jarðhitasvæða.</p>		
Lykilorð Jarðvarmavirkjun/ Bjarnarflag/ jarðhitagróður/ Ophioglossum/ naðurtunga/ lauganistill/ Riccia		Yfirfarið

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 GRÓÐURLÝSING	3
2.1 Virkjunarsvæði nyrst í Bjarnarflagi (Kostur B)	3
2.1.1 Nýgræður með sáðgrös	3
2.1.2 Sandgróður með túnvingli	3
2.1.3 Hraun- og jarðhitagróður	5
2.2 Virkjunarsvæði austan í Hæðum (Kostur C)	5
2.2.1 Graslendi	8
2.2.2 Skóglendi og lyngmóar	8
2.2.3 Sandgróður	8
2.3 Virkjunarsvæði sunnan Þjóðveggar 1 undir Námafjalli (Kostur A)	8
2.4 Staðsetning raflínu	9
3 SAMANBURÐUR Á MISMUNANDI KOSTUM	9
4 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR	10
5 HEIMILDIR	10

SKRÁ YFIR MYNDIR

1. mynd. Kort yfir svæðin sem skoðuð voru.	4
2. mynd. Yfirsýn yfir hraunið með jarðhitagróðrinum (kostur B).	6
3. mynd. Nærmynd af jarðhitagróðrinum.	6
4. mynd. Lauganistill (<i>Riccia beyrichiana</i>), mosi sem vex við jarðhita utan í hólunum austan hraunsins.	7
5. mynd. Séð yfir svæðið sem skoðað var sem kostur C. Í forgrunni er lynggróður með birki og gulvíði, en fjær sér yfir túnið á suðausturhluta svæðisins.	7

VIÐAUKI

1. tafla. Listi yfir blómplöntur og byrkninga sem skráðar voru á svæðinu.	11
---	----

1 INNGANGUR

Árið 1996 gerði Náttúrufræðistofnun Íslands Akureyri gróðurfarsúttekt í tengslum við mat á umhverfisáhrifum jarðvarmavirkjunar í Bjarnarflagi í Mývatnssveit og háspennulínu að Kröflustöð (Hörður Kristinsson 1996). Í júní árið 2000 var þessi framkvæmd úrskurðuð í frekara mat á umhverfisáhrifum, einkum með tilliti til þess að skoða betur kosti á staðsetningu virkjunarinnar norðan við þjóðveg nr. 1. Sumarið 2001 tók Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri að sér að skoða tvo staðsetningarkosti til viðbótar við þá staðsetningu sem áður var skoðuð (A): svæði B nyrst í Bjarnarflagi á flatlendinu NNA við Kísiliðjuna, og svæði C sem er austan til í Reykjahlíðarhæðum, rétt austan við leðjuþró Kísiliðjunnar (1. mynd).

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum gróðurskoðunar á þessum tveim svæðum til samanburðar við það svæði sem áður var skoðað sunnan þjóðvegar 1.

2 GRÓÐURLÝSING

Farið var um gróðursvæðin þann 4. júlí 2001 og aftur 18. sept.. Gerð var gróðurlýsing fyrir hvert svæði, og fara þær hér á eftir. Heildarlisti yfir tegundir blómplantna og byrkninga á hverju svæði kemur fram í viðauka á bls. 11. Upplýsingar um svæði A norðan Krummaskarðsmisgengis eru byggðar á athugunum frá 1996.

2.1 Virkjunarsvæði nyrst í Bjarnarflagi (kostur B)


Svæðið sem skoðað var sem kostur B er á flatlendi norðnorðaustur af Kísiliðjunni, austan og norðan við gamlar leðjuþrær Kísiliðjunnar og upp að brekkurótum. Skipta má þessu landi í þrennt eftir gróðri: Sandgróður með túnvingli er ríkjandi meðfram brekkunum, nýgræður með sáðgrösum vestan og norðan til og ná þær að gömlu leðjuþrónum, og að lokum tiltölulega ósnortið hraun með krækilyngi og jarðhitagróðri austast og syðst á svæðinu (afmarkað með blárrí línu á 1. mynd bls. 4). Aðeins það síðastnefnda hefur umtalsvert náttúruverndargildi.

2.1.1 Nýgræður með sáðgrösum

Vestan til á svæði B, næst athafnasvæði Kísiliðjunnar eru nær samfelldar uppgræðslur með sáðgrös, einkum rauðvingli, og ná þær einnig vestur undir brekkur norðan við kísilþrærnar. Í útjaðri svæðisins út frá vegslóðanum undir brekkunum hefur víða verið settur niður heyruddi og garðaúrgangur, og eru þar því víða blettir með ýmsum slæðingum eins og t.d. húsapunti, garðasól, dagstjörnu og hjartarfa. Náttúrlegur gróður er þarna nánast enginn sýnilegur, og svæðið hefur því ekkert náttúruverndargildi.

2.1.2 Sandgróður með túnvingli

Vegslóði liggur meðfram brekkunum, og er landið meðfram honum báðum megin fremur gróðursnautt og sandorpið land. Túnvingull og týtulíngresi eru ríkjandi í sendnum sverðinum, og mikið er af vallhumli. Meðfram brekkurótunum og neðst í þeim eru víða melgresistoppar. Þetta land er einnig mjög undir áhrifum búsetu, ræktunar og landgræðslutilrauna. Mikið er í því um bletti með ýmsum slæðingum svipað og á nýgræðunum.



1. Jarðhitagróður, svæði 1
2. Jarðhitagróður, svæði 2
3. Útlínur hraunsins

1. mynd. Kort yfir þau svæði (kostur B og C) sem skoðuð voru 2001 með tilliti til staðsetningar jarðvarmavirkjunar. Hraunið með jarðhitasvæðunum er afmarkað af blárrí línu, jarðhitagróðurinn með rauðri.

Þetta land hefur því eins og það sem fjallað var um hér á undan, afar lítið náttúruverndargildi. Svæðið er allt mjög þurrt og sendið, aðeins með algengum tegundum og slæðingum.

2.1.3 Hraun- og jarðhitagróður

Austan til á svæði B er tiltölulega ósnortinn, allhrjúfur hraunblettur. Vegslóðinn undir brekkunum liggur yfir totu úr hrauninu, sem annars er á milli vegarins og Kísiliðjunnar (1. mynd, bláar línur). Í hrauninu eru krækilyngsbreiður mest áberandi, með sortulyngi, beityngi og miklu af vallhumli. Lítið eitt er og af fjalldrapa og birki.

Á hluta af hrauninu er undirlag heldur jafnara. Þar er jarðylur undir og glufur með gufuaugum hér og hvar. Í þessum hluta hraunsins er jarðhitagróður í sérflokki, sem ótvírætt ber að vernda og forða frá raski svo sem kostur er (svæði 1 á 1. mynd, 2. mynd). Þarna er krækilyng einnig ríkjandi í gróðri ásamt mjög snemtblómga blóðbergi. Mikið er af skarífíflum innan um og tiltölulega þéttar breiður af naðurtungu (3. mynd). Nokkuð er þarna einnig af venjulegri tungljurt, en innan um er ein og ein afbrigðileg tungljurt af þeirri gerð sem stundum hefur verið nefnd *Botrychium islandicum*. Hún líkist dvergtungljurt (*Botrychium simplex*), nema að því leyti að gróblaðið og tillífunarblaðið eru samgróin mjög hátt upp eftir stönglinum. Tillífunarblaðið er mjög einfalt og lítið skipt, og er stundum með nokkrum gróhirsllum. Það var þýskur fræðimaður, Struck að nafni, sem vakti fyrst athygli á þessari tungljurt og taldi að hér gæti verið um nýja tegund að ræða fremur en afbrigðilega dvergtungljurt. Þetta tungljurtarafbrigði fylgir hér jarðhitunum, og hefur einnig fundist í Jarðbaðshólum.

Sunnanvert meðfram hraunjaðrinum eru smáhólbungur, og er mikill jarðhiti utan í þeim og í kvosinni milli þeirra og hraunsins (svæði 2 á 1. mynd). Þar er einnig mikill jarðhitagróður, blóðberg ríkjandi með skarífífli, íslandsfífli, skammkrækli og jarðhitamosanum lauganistli (*Riccia beyrichiana*) en án naðurtungu (4. mynd).

Jarðhitagróðurinn hér í hrauninu, er af svipaðri gerð og sambærilegur við jarðhitagróðurinn í Jarðbaðshólum sunnan þjóðveggar 1 (Hörður Kristinsson 1996, Hörður Kristinsson og Helgi Hallgrímsson 1991). Hér er gróðurinn með naðurtungunni þó miklu samfelldari og þéttari á litlu svæði, en í Jarðbaðshólum er hann strjáll, á mörgum smáblettum dreifðum yfir stórt svæði. Jarðhitagróðurinn hér hefur hátt náttúruverndargildi ekki síður en í Jarðbaðshólum þótt næsta nágrenni hraunsins hafi nokkuð verið spillt. Þarna eru þéttari og stærri breiður af naðurtungu, en vitað er um annars staðar við Mývatn. Því verður að mæla eindregið frá því að taka þetta svæði undir jarðvarmavirkjun, né spilla því á nokkurn hátt.

Ef svæði B yrði fyrir valinu, væri því æskilegt að nýta sandorpnu svæðin undir brekkunum eða nýgræðurnar fyrir byggingarsvæði, en hlífa hrauninu og jarðhitagróðrinum við raski. Einnig þyrfti að taka tillit þessa við gufulagnir, sem þyrftu þá að liggja meðfram brekkunum, en ekki þvert yfir hraunið. Hugsanlega mætti afmarka þetta svæði sem verndarsvæði, og gera það jafnframt aðgengilegt með göngustígum fyrir ferðamenn sem vilja skoða og kynna sér jarðhitagróðurinn. Þannig mætti koma í veg fyrir að það spilltist af átroðningi vegna umferðar um svæðið.

2.2 Virkjunarsvæði austan í Hæðum (kostur C)

Þetta svæði er á mishæðóttu landi austan í Reykjahlíðarhæðum, austan við svonefnda Kringlu, sem er kringlótt leðjuþró frá Kísiliðjunni (1. mynd). Syðsti hluti svæðisins er



2. mynd. Yfirsýn yfir hraunið með jarðhitagróðrinum. Kísiliðjan í baksýn til vinstri.



3. mynd. Nærmynd af jarðhitagróðrinum. Greina má naðurtungu, blóðberg og krækilyng á myndinni.



4. mynd. Lauganistill (*Riccia beyrichiana*), mosi sem vex við jarðhita utan í hólunum austan hraunsins.



5. mynd. Séð yfir svæðið sem skoðað var sem kostur C. Í forgrunni er lynggróður með birki og gulvíði, en fjær sér yfir túnið á suðausturhluta svæðisins.

graslendi þar sem ræktað hefur verið tún eða beitarhólf (5. mynd), en þar norður af eru ávalar, lyngi vaxnar hæðarbrúnir með kjarri í hlíðum móti austri. Undir hlíðinni og austan hennar er kvos með sendnum jarðvegi og sandorpnir hólur. Hluti af þessu svæði er vel gróið og fallett skóglendi með birki og gulvíðikjarri, en hefur enga sérstöðu að því er séð verður fram yfir annað skóglendi við Mývatn.

2.2.1 Graslendi

Graslendi þetta hefur verið nýtt að hluta sem tún eða beitarhólf. Misgóð rækt er í túninu, og er aðalgróður þess vallarsveifgras og túnvingull þar sem best hefur verið ræktað. Annars staðar í túninu kemur villti gróðurinn fram í gegn um ræktunina. Víða í því eru óræktaðir þursaskeggsblettir og stakir gulvíðikvistir standa upp úr því hér og þar. Graslendi þetta hefur ekkert náttúruverndargildi.

2.2.2 Skóglendi og lyngmóar

Hæðarbrúnirnar austan Kringlu eru vaxnar snöggum lynggróðri. Efst eru móar með rjúpnalaufi, krækilyngi og skriðulum fjalldrapa, en utan í hlíðunum ofanverðum er krækilyng og beityng ríkjandi innan um fjalldrapann. Neðar og meðfram brekkunum er skóglendi með birki og allstórvöxnum gulvíðirunnum, en fjalldrapamóar á milli (5. mynd). Birkið er víða 3-4 m hátt neðan til í brekkunni en lægra ofan til. Finna má 6 metra há margstofna tré þar sem það er hæst. Birkið myndar samfelldan skóg á pörtum, annars staðar eru allstórir birki- eða gulvíðirunnar á strjálungi, en fjalldrapamóar á milli. Í undirgróðri birkiskógarins eru hrútaberjalyng, vellefting og blágresi mest áberandi. Einnig eru þar sums staðar einir og bláberjalyng. Þessir fallega grónu hlíðarvangar leiða til austurs niður í sandorpið gildrag. Svæði þetta er vel gróið, en hýsir ekki neinar sérstæðar eða fágætar tegundir plantna svo vitað sé.

2.2.3 Sandgróður

Austast á svæði C undir hæðunum er sendið gróðurlendi, bæði í botni gildragsins og einnig utan í hólunum þar austur af. Þarna eru túnvingull og vallhumall ríkjandi í gróðri. Mikið er einnig af klóelftingu, og í hólbrekkunum móasef og ljósberi. Engar sjaldgæfar tegundir vaxa í þessum gróðri, og hefur hann lítið náttúruverndargildi.

2.3 Virkjunarsvæði sunnan Þjóðveggar undir Námafjalli (Kostur A)

Staðsetning virkjunar miðað við kost A er í dalverpi undir Námafjalli austan Krummaskarðsmisgengis. Svæði þetta var skoðað með tilliti til gróðurs árið 1996. Þá kom í ljós sem vitað var fyrir (Helgi Jónasson 1972, Hörður Kristinsson og Helgi Hallgrímsson 1991), að jarðhitagróður með naðurtungu og fleiri jarðhitaplöntum er nokkuð víða í Jarðbaðshólum og allt austur að Krummaskarðsmisgengi. Þessi jarðhitagróður hefur hátt náttúruverndargildi, og var útbreiðsla naðurtungunnar á þessu svæði því kortlögð sérstaklega (Hörður Kristinsson 1996). Austan misgengisins er hins vegar sandorpninn gróður undir áhrifum kartöfluræktar, sendin hraun með berangursgróðri, krækilyngi og beityngi. Þar er því eingöngu gróður með lítið náttúruverndargildi. Staðsetning samvæmt kosti A miðar að því að skerða eingöngu hinn sandorpnna gróður austan misgengisins, en hlífa jarðhitagróðrinum vestan þess og í Jarðbaðshólum.

2.4 Staðsetning raflínu

Í fyrri athugunum árið 1996 var skoðað ítarlega svæðið frá hugsanlegu endamastri 250 m norðan Hitaveitu Reykjahlíðar að Norðurhólum, og fylgir gróðurlýsing í greinargerð um það svæði (Hörður Kristinsson 1996). Einnig hafa komið fram hugmyndir um að láta loftlínu miðað við kost A fylgja hinni gömlu Reykjahlíðarlínu, en leggja jarðstreng framhjá Kísiliðjunni að henni, eða að leggja jarðstreng alla leið að Norðurhólum. Ekki er nema gott eitt um þær breytingar að segja.

Síðastliðið sumar var skoðað til viðbótar svæðið meðfram Reykjahlíðarlínu, og þau svæði sem loftlína frá jarðvarmavirkjun að Norðurhólum gæti legið um miðað við staðsetningu samkvæmt kostum B og C. Meginhluti þessa svæðis eru melar og sandorpin hraun með fátæklegum gróðri fyrst framan af, en fer yfir betur gróin hraun með lynggróðri þegar nálgast Norðurhóla. Er það sams konar gróðurlendi og áður var lýst í greinargerð frá 1996. Niðurstaðan verður því sú sama og þar kom fram, að línulögn um þetta svæði að Norðurhólum spillir ekki verðmætum gróðurminjum.

Í Norðurhólum vex hins vegar ein fágæt stór, línstör, í einni gilrás sem leiðir frá hraunflötunum upp á hólana. Æskilegt væri því að beina umferð vegna línulagna aðra leið fram hjá Norðurhólum svo að vaxtarsvæði línstararinnar verði ekki skert við framkvæmdirnar. Það ætti vera lítið mál, ef þeir sem vinna verkið þekkja til staðsetningar hennar.

3 SAMANBURÐUR Á MISMUNANDI KOSTUM

Ef lítið er á niðurstöður gróðurathugana hér að framan, kemur í ljós að sá gróður sem verulegt náttúruverndargildi hefur á þessum svæðum er jarðhitagróðurinn á svæði A og svæði B. Þótt þessi gróður láti lítið yfir sér, þá er hann afar sérstæður, hefur hátt verndargildi og þolir illa átroðning. Þótt jarðhitasvæði séu næsta mörg á Íslandi, þá eru ekki mörg þeirra vel gróin. Gróin jarðhitasvæði eru því ekki mjög algeng. Tegundasamsetning og gróðursamfélög þessara jarðhitasvæða er afar óvenjuleg miðað við önnur gróðurlendi Íslands, þannig að jarðhitasamfélögin hafa algjöra sérstöðu miðað við annan íslenskan gróður. Að auki er gróðursamsetning þeirra afar mismunandi eftir staðháttum og landshlutum. Það eykur fjölbreytni þeirra, og gerir sérstöðu einstakra svæða einnig meiri en ella. Ofan á allt þetta bætist, að á þessum jarðhitasvæðum vaxa einstakar tegundir sem hvergi finnast hér nema á jarðhitasvæðum, og eru því sjaldgæfar á landsvísu. Merkur jarðhitagróður er bæði á svæði A og svæði B, en ekki á svæði C.

Ef frá eru skilin jarðhitasvæðin, hefur skóglendið á svæði C nokkurt náttúruverndargildi, en þó margfalt lægra en jarðhitasvæðin. Gildi þess liggur fyrst og fremt í vel grónu, falletgu landi með þykkum jarðvegi sem ætíð hefur sitt gildi, en er án nokkurrar sérstöðu að því er varðar tegundir eða gróðursamfélög.

Annað land innan þessara þriggja svæða hefur nánast ekkert verndargildi út frá gróðri, mest sandorpið, fremur gróðursnautt land sem þegar hefur verið spillt á margan hátt, eða eru ræktaðar nýgræður með sáðgresi.

Ef bornir eru saman þeir þrjú staðsetningarkostir sem hér eru til umræðu, virðist kostur A koma einna best út með tilliti til gróðurs. Er þá miðað við síðustu útfærslu þeirrar staðsetningar, þar sem athafnasvæðið er alfarið í dalverpinu undir Námafjalli og raskar ekki svæðinu vestan Krummaskarðsmisgengis.

Kostur B virðist hins vegar koma einna síst til greina miðað við þá staðsetningu sem upphaflega var gefin upp, þ.e. í hinu tiltölulega ósnortna hrauni sem hýsir að mínu mati afar verðmætan jarðhitagróður. Hins vegar virðist nóg rými til vesturs og norðvesturs frá þessu hrauni, þar sem hugsanlega mætti koma fyrir mannvirkjum án þess að spilla jarðhitagróðrinum í hrauninu. Með slíkri útfærslu, svipað og þegar hefur verið gert varðandi svæði A, má eflaust finna mjög ásættanlega lausn án þess að spilla í nokkru gróðri á þessu svæði.

Út frá sjónarmiðum gróðurverndar mælir ekkert sérstakt á móti því að velja kost C sem staðsetningu, ef menn vilja setja mannvirkin niður í fallett umhverfi á nokkuð áberandi stað. Hugsanlega mætti gera það á þann hátt að velja suður- og austurhluta svæðisins undir byggingar, en láta náttúrulegt skóglendið halda sér að mestu og mynda ramma utan um og norðan við mannvirkin.

4 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

Út frá sjónarmiðum gróðurverndar geta allir 3 kostirnir sem skoðaðir voru, A, B og C, komið til greina sem staðsetning fyrir jarðvarmavirkjun, sé fyllstu varúðar gætt og tillit tekið til viðkvæms og verðmæts jarðhitagróðurs sem er á svæðum A og B.

- Á svæði A þarf að gæta þess, að umfang framkvæmda haldist austan Krummaskarðsmisgengis, þannig að jarðhitasvæðum umhverfis Jarðbaðshóla verði hlíft.
- Á svæði B þarf að hlífa grónum jarðhitasvæðum 1 og 2 (1. mynd) með því að staðsetja mannvirki norðan eða vestan við hraunsvæði 3.
- Á svæði C er enginn jarðhitagróður sem þarf að taka tillit til, en æskilegt að fella mannvirkin sem best að því skóglendi sem prýðir svæðið.
- Við lagningu raflínu væri æskilegt að forðast umferð eftir gildragi því sem línstörin vex í. Því þyrfti að merkja staðinn áður en framkvæmdir hefjast.

9. HEIMILDIR

Helgi Jónasson 1972. Flóra Mývatnssveitar. Acta Botanica Islandica 1: 32-42.

Hörður Kristinsson 1996. Gróðurfur við fyrirhugaða jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi, Mývatnssveit. Greinargerð til Landsvirkjunar. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri.

Hörður Kristinsson og Helgi Hallgrímsson 1991. Gróður í Mývatnssveit. Í Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson ritstj.: Náttúra Mývatns, 237-255. Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík 1991.

VIÐAUKI

1. tafla. Listi yfir blómplöntur og byrkninga sem skráðar voru á svæðinu.

		Kostur A	Kostur B	Kostur C
Alaskaviðir	<i>Salix alaxensis</i>	x		
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	x	x	
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	x	x	x
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>			x
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>			x
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	x	x	x
Beringspuntur	<i>Deschampsia beringensis</i>		x	
Birki	<i>Betula pubescens</i>		x	x
Bjúgstör	<i>Carex maritima</i>	x		x
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>			x
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>			x
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	x	x	x
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>		x	
Blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>	x		
Blóðberg	<i>Thymus arcticus</i>	x	x	x
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	x		x
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>			x
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>			x
Dagstjarna	<i>Silene dioeca</i>		x	
Dvergstör	<i>Carex glacialis</i>	x		
Einir	<i>Juniperus communis</i>	x	x	x
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>	x	x	
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	x		
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>	x	x	x
Fjallaviðir	<i>Salix arctica</i>	x	x	x
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>		x	x
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>			x
Garðasól	<i>Papaver nudicaule</i>		x	
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	x	x	x
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>	x	x	
Grámulla	<i>Omalotheca supinum</i>	x		x
Grávorblóm	<i>Draba incana</i>	x		x
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	x		x
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>		x	x
Hagavorblóm	<i>Draba norvegica</i>	x		
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>	x		
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>	x	x	
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	x	x	x
Holurt	<i>Silene maritima</i>	x	x	x
Hrútaberjalyng	<i>Rubus saxatilis</i>			x
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>	x		
Húsapuntur	<i>Elytrigia repens</i>		x	
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	x	x	x
Hvítmári	<i>Trifolium repens</i>	x		
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>			x
Íslandsfifill	<i>Pilosella islandica</i>	x	x	
Jakobsfifill	<i>Erigeron boreale</i>		x	x
Kartöflugras	<i>Solanum tuberosum</i>	x		
Klappadúnurt	<i>Epilobium collinum</i>	x	x	
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	x	x	x
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>			x
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	x	x	x
Lambagrass	<i>Silene acaulis</i>	x	x	x

		Kostur A	Kostur B	Kostur C
Ljósadúnurt	<i>Epilobium lactiflorum</i>	x		
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>	x	x	x
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>		x	x
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>	x	x	x
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>			x
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>	x	x	x
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>	x		x
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	x		x
Móastör	<i>Carex rupestris</i>			x
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	x	x	x
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	x		
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>	x	x	x
Naðurtunga	<i>Ophioglossum azoricum</i>	x	x	
Njóli	<i>Rumex longifolia</i>	x		
Rauðvingull	<i>Festuca rubra</i>		x	
Sandfax	<i>Bromus inermis</i>	x		
Skammkrækill	<i>Sagina procumbens</i>	x	x	
Skarififill	<i>Leontodon autumnale</i>	x	x	
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>	x		x
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	x	x	
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>			x
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>	x		
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	x	x	x
Sýki gras	<i>Tofieldia pusilla</i>	x		x
Tungjurt, afbrigði	<i>Botrychium islandicum</i>		x	
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	x	x	x
Túnfifill	<i>Taraxacum spp.</i>	x	x	x
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>	x	x	x
Týsfjöla	<i>Viola canina</i>			x
Týtulingresi	<i>Agrostis vinealis</i>	x	x	x
Undafifill	<i>Hieracium spp.</i>		x	x
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	x	x	
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>			x
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>	x	x	x
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>	x		
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	x	x	
Vetrarsteinbrjótur	<i>Saxifraga oppositifolia</i>	x		
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	x	x	x
Þúfusteibrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>	x		